

Alþjóðlegt málþing

Minningin um 1918 og fullveldið: Stofnun nýrra ríkja og fall heimsvelda eftir fyrri heimsstyrjöld

Fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands,
föstudaginn 23. nóvember 2018, kl. 13.00–17.00

Útdrættir og æviágrip

Robert Gerwarth: *Fall heimsvelda árið 1918.* Þegar heimsstyrjöldinni fyrri lauk með formlegum hætti í nóvember 1918 sigldu í kjölfarið landamærabreytingar í Evrópu sem áttu sér engin fordæmi. Í stað heimsvelda komu ný ríki til sögunnar. Þessi þróun kom nokkuð á óvart í ljósi þess að stríðið snerist að mestu leyti um heimsveldi. Það var háð til að lengja lífdaga heimsvelda eða þenja þau frekar út fremur en milli þjóðríkja. Það var einnig hluti af ofbeldishringrás sem hófst með innrás Ítala í Tripolitaníu (Líbíu) árið 1911 og lauk ekki fyrr en með Lausanne-samningnum árið 1923. Þar voru landamæri nýstofnaðs lýðveldis í Tyrklandi skilgreind og landvinningar Grikkja í Litlu-Asíu (Anatólíuskaganum) stöðvaðir með mestu nauðungarflutningum í nafni „íbúaskipta“ sem þekkt höfðu. Fyrri heimsstyrjöldin, sem hafði áhrif á hundruð milljóna manna, leiddi til herkvaðningar, hernáms, verðbólgu og efnahagsþrenginga, en skóp einnig tækifæri og kveikti vonir og nýjar hugmyndir. Í fyrirlestrinum verður fjallað um þessi atriði auk þess sem sjónum verður beint að umdeildri arfleifð stríðsins í samtímanum.

Robert Gerwarth er prófessor í nútímasögu við University College Dublin (UCD) og er forstöðumaður Centre for War Studies við sama skóla. Hann er höfundur nokkurra bóka um ofbeldi í Evrópu á 20. öld, en þær nýjustu eru *Die größte aller Revolutionen – November 1918 und der Aufbruch in eine neue Zeit* [Stærsta byltingin – nóvember 1918 og nýtt upphaf] (2018) og *The Vanquished: Why the First World War Failed to End, 1917–23* (2016). Af öðrum bókum hans má nefna *Empires at War 1911–1923* [meðritstjóri Erez Manela] (2014). *Political Violence in Twentieth-Century Europe* [meðritstjóri D. Bloxham] (2011); *Hitler's Hangman: The Life of Heydrich* (2011); og *The Bismarck Myth* (2005).

Annette Becker: *1918–2018: Eilíf minningabrot um stríð?* Á árunum 1914–1918 var í fyrsta sinn háð stríð sem náði til alls heimsins, – stríð sem krafðist mannfórna, auðlinda og orku, dró fólk í dilka, endurvakti átök og leiddi til nýs hryllings. Heimsbyggðin átti eftir að syrgja dauða tugmilljóna hermanna og tveggja til fjögurra milljóna óbreyttra borgara. Hin „heilögu minningabrot“ fyrri heimsstyrjaldar munu ávallt lifa með þeim sem rannsaka víglínur – í stríðinu sjálfu eða á heimavígstöðvunum – hernám, aðbúnað fanga eða hlutskipti hinna sjúku. Í fyrirlestrinum verður fjallað um innbyrðis tengsl stríðs, hernáms og fjöldamorða í tengslum við árið 1918 og síðar – og hvernig þættir eins og söknuður, minni, ófriður, flóttamenn, fórnfýsi og friðarhyggja mótuðu evrópskar sjálfsmyndir á heimsvísu.

Annette Becker er prófessor í nútímasögu við Parísarháskóla – Ouest Nanterre La Défense. Eftir hana liggja fjölmörg verk um heimsstyrjaldirnar tvær, þar sem hún hefur m.a. fjallað um

hernám og áhrif Þjóðarmorða. Auk þess hefur hún rannsakað mannúðarstjórnmál, áföll og minni með áherslu á reynslu mennta- og listamanna, eins og Maurice Halbwachs, Marc Bloch og Guillaume Apollinaire. Meðal bóka hennar eru: *Les Messagers du désastre* [Sendiboðar hamfara] (2018); *La Grande Guerre d'Apollinaire: Un poète combattant* [Reynsla Apollinaire af fyrri heimsstyrjöldinni. Skáld og hermaður] (2015); *Voir la Grande Guerre: Un autre récit, 1914–2014* [Sýn á stríðið langa. Önnur sögutúlkun 1914–2014] [meðhöfundur Pierre Bergounioux] (2014); *Le génocide des Arméniens. Un siècle de recherche (1915–2015)* [Þjóðarmorðið á Armenum. Aldarlangar rannsóknir] (2015); *Maurice Halbwachs. Un intellectuel en guerres mondiales, 1914–1945* [Maurice Halbwachs. Menntamaður í heimsstyrjöldum] [meðhöfundur Pierre Nora] (2003).

Guðni Th. Jóhannesson: *Minningin um 1918 árið 2018. Hlutverk sagnfræðinga og Þjóðhöfðingja.*

Áður en hann varð forseti var Guðni Th. Jóhannesson lektor, dósent og síðast prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands. Hann hefur m.a. skrifað bækur um sögu þorskastríðanna, forsetaembættið, kalda stríðið og bankahrunið á Íslandi.

Anna Agnarsdóttir er prófessor emerítus í sagnfræði við Háskóla Íslands. Í rannsóknum sínum hefur hún m.a. fjallað um utanríkissögu Íslands 1500–1830 með áherslu á samskiptin við Bretland og Frakkland, verslunar- og landkönnunarsögu, „byltinguna“ árið 1809 og samskipti Josephs Banks við Íslendinga.

Ragnheiður Kristjánsdóttir: *Tilbrigði við almennan kosningarétt. Um þegnurétt í lok fyrra stríðs.* Fyrri heimsstyrjöldin markaði tímamót í þróun þegnuréttar um allan heim. Árið 1920 höfðu víða verið sett lög sem veittu konum víðtæk stjórnmálaréttindi. Konur höfðu fengið rétt til að kjósa til þings í Nýja Sjálandi, Ástralíu, á Norðurlöndunum fimm, í Bretlandi, Kanada, Bandaríkjunum, Þýskalandi, Austurríki, Belgíu, Lúxemborg, Hollandi, Póllandi og Ungverjalandi, en auk þess í mörgum löndum sem áður tilheyrðu Rússneska keisaradæminu sem og í Suður-Ródesíu og Kenýa. Enn vantaði þó töluvert upp á að kosningarétturinn væri almennur. Í kosningalöggjöf margra þessara landa var hann skilyrtur, t.d. við tiltekinn aldur sumra kjósenda, við efnahagslega stöðu, þjóðernisuppruna, menntun eða þátttöku í stríðsrekstrinum. Í erindinu verður horft til þessara takmarkana kosningaréttarins. Markmiðið er að skoða á hvaða forsendum stjórnvöld í ólíkum ríkjum ákváðu hverjir skyldu teljast fullgildir borgarar.

Ragnheiður Kristjánsdóttir er dósent í sagnfræði við Háskóla Íslands. Í rannsóknum sínum hefur hún fengist við hugmynda- og stjórnmálasögu 19. og 20. aldar, einkum vinstri hreyfinguna, verkalyðssögu og þróun lýðræðis. Nýjustu rannsóknir Ragnheiðar fjalla um þróun forsetaembættisins, þjóðernisstefnu, kommúnisma og fasisma á millistríðsárunum sem og stjórnmálastarf íslenskra kvenna á 20. öld. Frá árinu 2015 hefur Ragnheiður stýrt rannsóknarverkefni *Í kjölfar kosningaréttar. Félags- og menningarsöguleg rannsókn á konum sem pólitískum gerendum 1915–2015*, ásamt Erlu Huldu Halldórsdóttur, Þorgerði Þorvaldsdóttur og Hönnu Guðlaugu Guðmundsdóttur. Verkefnið er styrkt af Rannís og hafði áður fengið styrk frá rannsóknarsetrinu EDDU við Háskóla Íslands.

Guðmundur Hálfðanarson: *Geðveiki eða óskoraður réttur. Breytileg afstaða til fullveldis Íslands í fyrri heimsstyrjöld.* Árið 1906 skrifaði danski fræðimaðurinn Georg Brandes tvær fordæmingargreinar í danska dagblaðið *Politiken*, þar sem hann hæddist að baráttu Íslendinga fyrir auknu sjálfræði. Það væri hrein geðveiki að fátæk orþjóð dreymdi um sjálfstæði – og flestir samtíðarmenn hans tóku undir þá skoðun. Eftir lok fyrri heimsstyrjaldar hafði orðið grundvallarbreyting á þessari afstöðu, enda voru dönsk stjórnvöld fús til að verða við kröfum Íslendinga um fullveldi á þeim forsendum að um óskoraðan rétt væri að ræða. Í fyrirlestrinum verður fjallað um ástæður þessara viðhorfsbreytinga sem áttu sér stað á rúmlega áratug.

Guðmundur Hálfðanarson er prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands og forseti Hugvísindasviðs skólans. Síðustu ár hafa rannsóknir hans einkum snúist um sögu íslenskra þjóðernishugmynda á 19. og 20. öld, en hann hefur einnig skrifað um íslenska fólksfjöldasögu, sögu sagnfræðinnar á Íslandi og doktorsritgerð hans var samanburðarrannsókn á myndun nútímaríkja í Frakklandi og Íslandi á síðari hluta 19. aldar.

Valur Ingimundarson: *Umdeild arfleifð. Aðskilnaðarstjórnsmál og ríkjamyndun frá lokum fyrri heimsstyrjaldar.* Í fyrirlestrinum verður fjallað um togstreituna milli stjórnsmála og laga í tengslum við stofnun nýrra ríkja og aðskilnað frá „móðurríkinu“ á 20. öld og 21. öldinni. Áhersla er lögð á tilraunir til að gera „pólitísk skilnaðarferli“ lögmæt í þeim tilfellum þar sem engin sátt er um þau. Vísað verður til hugmynda um fullveldi, sjálfsákvörðunarrétt þjóða, sögulegar landakröfur, áhrif stríðsreksturs á sjálfstæðisbaráttu sem og til hagsmuna stórvelda, alþjóðastofnana og yfirþjóðlegra bandalaga og samskipta meirihluta og minnihluta í fjölþjóðaríkjum. Loks verður vikið að almennum skilyrðum fyrir því að ríkjastofnun tekst í sumum tilfellum, en ekki í öðrum.

Valur Ingimundarson er prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands. Í rannsóknum sínum hefur hann fjallað um stjórnsmála- og alþjóðasögu með áherslu á samskipti Bandaríkjanna og Evrópu; tengsl Íslands og Bandaríkjanna í stjórnsmálum og öryggismálum; stórveldastjórnsmál og stjórnarhætti á norðurslóðum; stefnu Íslands í utanríkis-, öryggis- og norðurslóðamálum; samskipti Bandaríkjanna og Þýskalands; stjórnsmál minninga í Evrópu; og stjórnsmálaþróun í fyrirverandi Júgóslavíu eftir að ríkjásambandið leið undir lok.

Ragnildur Helgadóttir: *Fullveldishugtakið í íslenskum lögum.* Á fyrsta áratug 20. aldar var byrjað að styðjast við fullveldishugtakið í íslenskri stjórnsmálaorðræðu. Merking þess varð svo skýrari í aðdraganda þess að Ísland varð fullvalda. Frá þeim tíma hefur hugtakið gegnt mikilvægu hlutverki í íslenskum stjórnsmálum, ekki síst í tengslum við samvinnu Evrópuríkja. Í fyrirlestrinum verður fjallað um þróun fullveldishugtaksins á fyrstu áratugum 20. aldar og spurt hvort áhrifa stjórnsmálaumræðu þess tíma gæti enn í íslenskum lögum.

Ragnildur Helgadóttir er prófessor í lögum og deildarforseti lagadeildar Háskólans í Reykjavík. Hún hefur birt fræðileg verk um stjórnskipunarrétt, m.a. í samburðarljósi, og réttarsögu auk þess sem hún hefur fjallað um áhrif EES-samningsins í íslenskum rétti, mannréttindi og almannatryggingar.

Gunnar Þór Bjarnason: *Í kjölfar ófriðar. Fullveldi Íslands og fyrri heimsstyrjöldin.* Stríðið hafði ekki aðeins mikil áhrif á íslenskt samfélag – efnahag, lífskjör almennings og sjálfstæðismál þjóðarinnar. Það leiddi einnig til þess að Ísland fjarlægðist Danmörku og

landstjórnin í Reykjavík gerði viðskiptasamninga við Breta og bandamenn þeirra. Í erindinu verður fjallað um aðdraganda þess að Ísland varð fullvalda ríki með sambandslögunum árið 1918 og m.a. spurt hvort fullveldi hefði fengist ef ekki hefði skolið á heimsstyrjöld árið 1914.

Gunnar Þór Bjarnason er sagnfræðingur. Hann var lengi framhaldsskólakennari og hefur sinnt stundakennslu við Háskóla Íslands í mörg ár. Hann hefur m.a. skrifað um sjálfstæðisbaráttu Íslendinga og fullveldið og brottför Bandaríkjahers frá Íslandi árið 2006. Hann hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki fræðibóka og rita fyrir ritið *Þegar siðmenningin fór fjandans til. Íslendingar og stríðið mikla 1914–1918* (2016).

Sveinn M. Jóhannesson: *Fyrri heimsstyrjöldin og ríkisþróun í Bandaríkjunum.*

Áhrif fyrri heimsstyrjaldarinnar á Bandaríkin komu einna skýrast fram á sviði ríkisþróunar. Við stríðslok voru Bandaríkin völdugasta ríki heims. Fjallað hefur verið ítarlega um fordæmalausan vöxt alríkisvaldsins í kjölfar stríðsins, sem og aukið vægi Bandaríkjanna á vettvangi alþjóðastjórn mála. En tilhneigingin hefur verið að líta svo á að við stríðslok hafi verið horfið frá róttækum breytingum stríðsáranna og aftur til hefðbundinna stjórnunarháttanna. Í fyrirlestrinum verða færð rök fyrir því að stríðsárin hafi haft í för með sér viðamiklar breytingar á ríkisvaldinu, einkum á sviði neyðarstjórnunar, eftirlits með borgurunum og tengsla hins opinbera við atvinnulíf og vísindasamfélagið. Þessar breytingar urðu viðvarandi og áttu stóran þátt í að móta hlutverk Bandaríkjanna á millistríðsárunum.

Sveinn M. Jóhannesson er *Past & Present* nýdoktor við Institute of Historical Research, School of Advanced Study, við University of London. Sveinn lauk doktorsprófi frá Cambridge-háskóla árið 2018. Rannsóknir Sveins hafa birst í *Journal of American History*.